



916. fundur stjórnar GSÍ, 26.09.2019 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Jón B. Stefánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hörður Geirsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 915. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Persónuverndarstefna GSÍ

Haukur Örn Birgisson kynnti persónuverndarstefnu GSÍ sem unnin hefur verið í nánu samstarfi við ÍSÍ og Advania og lagði hana fyrir fundinn til samþykktar. Stefnan var samþykkt og verður hún birt á vefnum Golf.is eftir helgi og einnig send til allra golfklúbba.

3. Umsókn til STERF

Edwin Roald, f.h. Eureka Golf, kynnti fyrir stjórn GSÍ verkefnið "Kolefnispar" og fór yfir drög að umsókn sem hann hefur nú verið að vinna að ásamt fjölmörgum áhugasömum aðilum sem hafa samskonar áhuga á kolefnisjöfnun. Ætlunin er að senda umsóknina inn til norræna sjóðsins STERF á næstu vikum. Verkefnið mun eiga heimili í Þorlákshöfn í samstarfi við sveitafélagið Ölfus. Eureka Golf óskaði eftir þátttöku golfsambandsins í verkefninu, sem gæti falist í fjárveitingu til þriggja ára. Samþykkt var að fresta afgreiðslu erindisins þar til á næsta fundi og var framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að aðkomu GSÍ að málinu.

4. Stefna GSÍ 2020-2027

Haukur Örn fór yfir farinn veg stjórnar og stýrihóps stefnumótunar GSÍ í fundarhaldi með golfklúbbum landsins. Haukur greindi frá því að búið væri að funda með GK, GKG, GO og GA og gerði hann grein fyrir helstu áherslunum og viðbrögðunum sem borist höfðu. Hafin er vinna við að bóka fundi með öðrum golfklúbbum og mun framkvæmdastjóri senda valdar dagsetningar á stjórnarfólk, svo það geti skuldbundið sig til þátttöku í fundunum. Markmiðið er að ljúka öllum fundum fyrir lok októbermánaðar.

Vegna viðbragða í tengslum við mótahald unglunga þá samþykkti stjórn að heyra í golfklúbbum landsins varðandi áhuga á mótahaldi eða mótaröðum fyrir þann aldurshóp



til næstu þriggja ára. Þannig væri hægt að ganga úr skugga um að nægur áhugi væri fyrir framkvæmd slíkra móta, án sérstakrar aðkomu GSÍ.

5. Leikkort GSÍ

Haukur Örn fór yfir sögulegar forsendur leikkorta GSÍ og þær umræður sem skapast hafa eftir að golfklúbbur Brautarholts birti hugleiðingar sínar um leikkortin á heimasíðu sinni. Huldu Bjarnadóttur var falið að setja saman tillögu fyrir hönd stjórnar GSÍ um leikkort GSÍ og mun tillagan taka mið af þeim gögnum sem GSÍ hefur fengið á síðustu árum varðandi notkun kortanna. Þá var samþykkt að ítreka fyrir golfklúbbum að skila inn notkunarupplýsingum sem allra fyrst.

6. Golfbox

Óskað var eftir tillögum frá IT nefnd varðandi varðveislu eldri gagna. Samþykkt var að taka lægsta tilboði í íslenska þýðingu á kerfinu og stefnt er að því að þýðingarvinnu verði lokið fyrir 15. nóvember næstkomandi.

Wordpress hluti Golf.is var færður frá IT nefnd yfir til útgáfunefndar.

7. Golfþing 2019

Haukur Örn fór yfir drög að dagskrá Golfþings 2019 sem haldið verður 22.-23. nóvember, en þar ber hæst Stefna GSÍ 2020-27, Golfbox innleiðing, WHS forgjafarkerfið og innleiðing þess. Kjörnefnd hefur hafið störf fyrir þingið. Haukur Örn tilkynnti stjórn um það að hann hyggst bjóða sig áfram til forseta GSÍ til næstu tveggja ára. Viðræður um hug einstakra stjórnarmanna um áframhaldandi setu í stjórn GSÍ munu fara fram milli forseta og stjórnaliða á næstu dögum.

8. Önnur mál

- Word press þarfir golfklúbba, sem ekki eru með heimasíður, voru ræddar og er IT nefnd falið að meta þörf á slíku.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 19:55